

Alþingi
Erindi nr. P 140/166
komudagur 15.11.2011



Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis

15. nóvember 2011

Efni: Umsögn um þingsályktun um undirbúning að hönnun og stækkun Þorlákshafnar, 95. mál

Landssamband smábátæigenda tekur undir framkomna þingsályktun og gerir ekki efnislega athugasemd við hana.

Sterkar vísbendingar eru um að í hönd fari miklir uppgangstímar á Suðurlandi sem kalla á stórukinn útflutning. Þar hafa verið nefnd stóriðja eða stór iðnaðarfyrtæki. Þá er vatnsátöppunarverksmiðja tekin til starfa og ljóst að henni er ætlað mikið hlutverk þar sem afkastageta hennar er gríðarleg.

LS telur, þrátt fyrir þrönga stöðu í efnahagslífinu, að Siglingastofnun eigi nú þegar að hefja undirbúning að hönnun og stækkun hafnarinnar í Þorlákshöfn. Reynslan sýnir að það ferli er yfirleitt langt og strangt og því enn frekari ástæða til að koma strax að verkefninu og gefa þá um leið væntanlegum framkvæmdaaðilum skýr skilaboð um að undirbúningur fyrir stórskipahöfn sé hafinn.

Á það skal einnig bent að með stórskipahöfn í Þorlákshöfn væri verið að draga úr umferð stórra skipa á mikilvægum hrygningarsvæðum, siglingu við strendur landsins og stytta siglingatíma til meginlands Evrópu.

Virðingarfyllt,

Örn Pálsson framkvæmdastjóri